

Skólaárið 2019 – 2020 hóf Snælandsskóli undirbúningsferli fyrir það að skólinn gæti orðið Réttindaskóli Unicef, Krakkaland Réttindafrístund Unicef og Iglo Réttindafélagsmiðstöð. Á sama tíma hóf Vatnsendaskóli þetta ferli og til að byrja með fundaði teymið (Berglind Bragadóttir, E. María Gunnarsdóttir, Erla Björk Pálsdóttir, Kallý Jónsdóttir, Karítas Kristjánsdóttir, Nanna Kristjánsdóttir og Ana Maria Iriarte Paredes) reglulega með þeim og fulltrúum UNICEF.

Réttindaráð var stofnað og tekið til við að fræða þau um sitt hlutverk. Fulltrúar voru Kristín Edda, Frosti, Davíð, Eygló, Kristjana, Pálmi, Halldór, Sóley, Hrafnhildur, Fannar, Atli, Sunna, Ísólfrur, Brynjar, Anton og Hrefna. Öflugt starf fór af stað í Krakkalandi samhliða. Fræðsla um barnasáttmálann og réttindi barna og Krakkaráð stofnað. Auglýst var eftir fulltrúum úr foreldrasamfélaginu en enginn gaf kost á sér. Síðasta vetur var svo brugðið á það ráð vegna Covid aðstæðna að styðjast við foreldra úr starfsmannahópi skólans. Nú þegar samfélagið er að opnast á ný er búið að óska eftir foreldrum sem vilja gefa sig í þetta verkefni og mæta á fundi í skólanum á þriggja vikna frest með réttindaráðinu.

Farið var í kortlagningu, aðgerðaáætlun og fræðslu. Markviss fræðsla um barnasáttmálann fór fram í öllum árgöngum og í gæðastundum í frístund. Haldinn var dagur barnasáttmálans 20. nóvember 2019 (sjá dagskrá) þar sem unnið var með réttindi barna.

Svo kom svo covid með tilheyrandi hólfskiptingu og ekki var hægt að blanda árgöngum.

Að sjálfsgöðu hélt fræðslan þó áfram á öllum stigum en ekki reyndist hægt að halda réttindaráðsfundi. Í framhaldi var tekin ákvörðun um að seinka innleiðingaferlinu um eitt ár þ.e. að Snælandsskóli yrði réttindaskóli í nóvember 2021.

Skólaárið 2020-2021 rann jafnréttisteymið saman við Lýðræðis og mannréttindateymið og erum við nú LJOM teymið þ.e. Lýðræðis-, jafnréttis- og mannréttindateymi.

Enn voru takmarkanir vegna Covid, fræðslan hélt áfram og við höldum dag barnasáttmálans þann 20. nóvember 2020 (sjá dagskrá), þar sem dagskrá var sett upp eins og takmarkanir leyfðu.

Þann 3. febrúar 2021 höldum við jafnréttisdag (sjá dagskrá) þar var dagskráin einnig sett upp eins og takmarkanir leyfðu.

Á þessu skólaári verður dagur barnasáttmálans haldinn 19. nóvember 2021 og þá stendur til að halda barnaþing (þjóðþing) sem allir nemendur verða þátttakendur í.

Umfjöllunarefnið er: Skólinn minn

Hvað er best við skólann minn? Hvað er hægt að gera betur í skólanum mínum?

Tvö mál valin til að fara með á Barnaþing Kópavogs 2022 sem er haldið nú í fyrsta skipti og á að vera árviss viðburður. Tveir nemendur verða kosnir til að fara og flytja málin tvö sem verða fyrir valinu fyrir hönd skólans.

Jafnréttisdagur er svo á áætlun 2. febrúar 2022.

Þegar sól fór að hækka á lofti í vor og takmörkunum fór að léttast kom réttindaráðið saman og tók til til hendinni, aðgerðaáætlun kláruð (sjá fylgiskjal) og þannig fórum við inn í sumarfrí. Þegar skóli hófst að nýju núna í haust hefur verið fundað reglulega á þriggja vikna fresti með

ráðinu eins og það er skipað nú. Þar koma fulltrúar nemenda í réttindaráði sínum skoðunum og skólafélaga sinna á framfæri. Þær skoðanir hafa verið fegnar m.a. með bekkjarfundum sem haldnir eru reglulega í árgöngum.



Elísa, Eva Marín, Vaka, Hákon, Pétur Karl, Arngrímur, Kristín Edda
Yzabelle, Emilía, Fannar, Hrafnhildur
Sunna, Atli

Halldór, Sóley

Réttindaráð 2021-2022: Elísa, Hákon og William. Pétur og Vaka. Vara: Eva og Örlygur. Addi og Kristín Edda. Vara: Gyða og Hjörtur. Emilía og Yzabelle. Vara: Daníel Árni og Jóhanna. Halldór og Sóley. Fannar K, Hrafnhildur og Ragnar Ó. Atli og Sunna H. Vara: Sumarrós

Búið er að útbúa hnapp á heimasíðu skólans þar sem nemendur geta komið skoðunum sínum á framfæri um það sem betur má fara til réttindaráðs og stjórnenda:

<https://snaelandsskoli.is/rettindarad/>

Barnasáttmálinn er vel sýnilegur um allan skóla. Bekkjarsáttmálar eru til staðar á yngsta og miðstigi og unnið er að útfærslu fyrir unglingastig. Bekkjarsáttmálar tengjast góðum skólabrag og rétti barna til að njóta sín í skólanum.

Vegna Covid var ekki hægt að halda kynningu fyrir foreldra en sent var fréttu- og kynningabréf til foreldra/aðstandenda barnanna. Á áætlun er að hafa kynningu á verkefninu á menntabúðum fyrir foreldra í skólanum sem er á dagskrá á vorönninni.

Kópavogsbær er barnvænt samfélag og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna liggja til grundvallar við stefnumótun Kópavogsbæjar. Stefna Snælandsskóla byggir á stefnu Kópavogsbæjar og skólinn hefur í áratugi unnið að verkefnum sem tengjast lýðheilsu og umhverfi. Nemendur hafa ávallt verið þátttakendur í stýrihópum þessara verkefna. Uppbrotsdagar tengdir þessum verkefnum eru á skóladagatali skólans. Nemendur hafa einnig setið í stýrihópum jafnréttisteymis og í skólaráði, miðstigsráði, krakkaráði Krakkalands og nemendafélags IGLÓ.

Mikið og öflugt starf að undirbúningi þess að verða Réttindafrístund UNICEF hefur farið fram í Krakkalandi frá upphafi. Þar voru sett markmið og er verið að vinna að og eftir þeim (sjá fylgiskjal).

Stefnan er að halda áfram öllu þessu góða starfi og að barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi í Snælandsskóla og við hlökkum til og erum ákveðin í að gera gott starf betra.

Aðgerðaáætlun um innleiðingu



Fylgiskjöl

1. Aðgerðaáætlun réttindaráðs
2. a og b. Dagskrár Daga Barnasáttmálans 2020 og 2021
3. Dagskrá jafnréttisdags 2021
4. Frístundaheimilið Krakkaland í Snælandsskóla
-Okkar starf og aðgerðir í átt að verða Réttindafrístund Unicef
5. Bréf til foreldra haust 2021

Aðgerðaráætlun



Snælandsskóli

**Fræðsla og
bætt aðgengi**



Aðgerðaráætlun

1. Fræða börn um réttindi sín
2. Salerni
3. Skólalóð
4. Mötuneyti
5. Félagsmiðstöð



1. Fræða börn um réttindi sín

Umbótaþáttur + grein í barnasáttmála	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili	Hvenær og hvernig er árangur metinn
42. grein Allir verða að þekkja réttindindi barna	Að barnasáttmálinn sé sýnilegur í skólanum/félagsmiðstöð og frístund	Hengja upp veggspjöld í öllum stofum og á göngum og bókasafni, frístund og félagsmiðstöð	Að búið sé að koma upp veggspjöldunum	Stjórnendur/teymi og réttindaráð	Skoða í lok skólaárs og upphafi þess næsta hvort veggspjöldin séu sýnileg.
42. grein Allir verða að þekkja réttindindi barna 4. Grein Réttindi gerð að veruleika	Að nemendur þekki Barnasáttmálann	Að efla fræðslu á Barnasáttmálanum með fjölbreyttum leiðum Fræðslu- og þemadagar um sáttmálann	Með reglulegri fræðslu og að þemadagar fari fram þar sem réttindi barna verði í fyrirrúmi	Skólastjórnendur/kennarar	Upprifiun á hverju skólaári Með könnunum
42. grein Allir verða að þekkja réttindindi barna 4. grein Réttindi gerð að veruleika	Að starfsmenn þekki Barnasáttmálann	Fræðsla	Að starfsmenn þekki Barnasáttmálann betur en við upphaf verkefnis	Stjórnendur/Forstöðumenn og starfsfólk	Upprifiun á hverju skólaári Með könnunum
12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif	Að nemendur fái að segja skoðun sína á námi og kennslu	Búa til vettvang þar sem nemendur koma skoðunum sínum um nám og kennslu á framfæri	Pósthólf á heimasíðu skólans þar sem nemendur geta sent inn skilaboð til að koma skoðunum sínum á framfæri	Stjórnendur, kennarar og nemendur	Haustið 2021 Með könnunum

2. Salerni

Umbótaþáttur + grein í barnasáttmála	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili	Hvenær og hvernig er árangur metinn
12. grein Réttur til að láta skoðanir sína í ljós og hafa áhrif	Að salernum í skólanum fjölgi	Fjölga salernum	Það verði komin fleiri salerni	Kópavogsbær	Skólaárin 2021-23 Með könnunum
12. grein Réttur til að láta skoðanir sína í ljós og hafa áhrif	Að salerni verði í lokuðum rýmum í stað bása	Breyta básum í lokuð salerni	Að búið sé að breyta salernisbásum í lokuð salerni	Kópavogsbær	Skólaárin 2021-23 Með könnunum
12. grein Réttur til að láta skoðanir sína í ljós og hafa áhrif	Að öll salerni séu heil og virki	Að láta laga það sem er bilað	Að öll salerni séu heil og virki	Kópavogsbær	Yfirfarið árlega Með könnunum
24. grein Heilsuvernd barna	Að tíðavörur verði í boði fyrir stúlkur í skólanum	Tíðavörur skulu vera aðgengilegar á öllum salernum skólans/félagsmiðstöð	Að tíðavörur verði komnar á öll salerni skólans/félagsmiðstöð	Stjórnendur/ Kópavogsbær	Skólaárið 2021-2022 Með könnunum
24. grein Heilsuvernd barna	Að handþvotta-aðstaða verði aukin	Að aðstöðu til handþvottar verði komið upp á fleiri stöðum en bara salernum og sumum kennslustofum	Að handþvotta-aðstaða verði komin á fleiri staði og þá sérstaklega í nánd við matsal	Stjórnendur/ Kópavogsbær	Skólaárin 2021-2023 Með könnunum

3. Skólalóð - frímínútur

Umbótaþáttur + grein í barnasáttmála	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili	Hvenær og hvernig er árangur metinn
12. grein Réttur til að láta skoðanir sína í ljós og hafa áhrif	Að battavelli verði komið upp á skólalóðinni	Að battavöllur verði settur á skólalóðina eins og er við alla aðra skóla í Kópavogi	Að battavöllur verði að veruleika	Kópavogsbær	Skólaárin 2021-2023
12. grein Réttur til að láta skoðanir sína í ljós og hafa áhrif	Að koma upp afgirtum körfuboltavelli á skólalóðinni	Að afgirtur körfuboltavöllur verði settur á skólalóðina eins og er við marga skóla í Kópavogi (t.d. Kópavogs-, Smára- og Vatnsendaskóla)	Að slíkur völlur verði settur á skólalóðina	Kópavogsbær	Skólaárin 2021-2023
12. grein Réttur til að láta skoðanir sína í ljós og hafa áhrif 3. grein Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi og staðir ætlaðir börnum uppfylli það	Að þær breytingar sem talað hefur verið um í langan tíma á skólalóðinni verði framfylgt og lokið	Að klára breytingarnar	Að breytingum á skólalóðinni verði lokið	Kópavogsbær	Skólaárin 2021-2023 Með könnunum
3. grein Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi og staðir ætlaðir börnum uppfylli það	Að komið verði í veg fyrir slysaðættu í kastalanum á skólalóðinni	Kastalinn verði lækkaður og breytt og þannig komið í veg fyrir slysaðættu	Að kastalinn verði lagfærður	Kópavogsbær	Sumarið 2021 -Lauk sumarið 2021
12. grein Réttur til að láta skoðanir sína í ljós og hafa áhrif 3. grein Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi og staðir ætlaðir börnum uppfylli það	Aðstaða fyrir unglinga verði stórbætt	Að aðbúnaður í setustofunni sem fyrir er verði bættur og einnig búin til fleiri hugguleg rými (gryfjan) þar sem nemendur geta verið í frímínútum og unnið verkefni	Að betri aðstaða verði að veruleika og nemendur upplifi að það sé pláss fyrir þá.	Stjórnendur/ Kópavogsbær	Skólaárið 2021-2022 Með könnunum
12. grein Réttur til að láta skoðanir sína í ljós og hafa áhrif	Að úrval útileikfanga og bolta í frímínútum aukist	Að til verði meira úrval af leikföngum til afnota í frímínútum	Að til verði nokkrar ólíkar gerðir bolta og meira úrval af leikföngum	Stjórnendur	Skólaárið 2021-2022 Með könnunum

4. Mötuneyti

Umbótabáttur + grein í barnasáttmála	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðar-aðili	Hvenær og hvernig er árangur metinn
24. grein Börn eiga rétt á hreinu drykkjarvatni og hollum mat	Að auka úrval af grænmeti og ávöxtum	Að fjölga tegundum af grænmeti og ávöxtum í salatbar	Að boðið sé upp á að meðaltali 3 tegundir ávaxta og 3 tegundir af grænmeti daglega	Skólastjórnendur/ matráður	Skólaárið 2021 – 2022 Með könnunum
12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif 24. grein Börn eiga rétt á hreinu drykkjarvatni og hollum mat	Að nemendur eigi valkost um grænmetisrétt í hádegi	Að bjóða upp á grænmetisrétt að auki við það sem er á matseðlinum þann daginn fyrir þá sem eru grænkerar	Að val um grænmetisrétt sé partur af matseðlinum alltaf	Skólastjórnendur/ Kópavogsbær	Skólaárið 2021 – 2022 Með könnunum
24. grein Börn eiga rétt á hreinu drykkjarvatni og hollum mat	Að auka fjölbreytni rétta á matseðli	Að auka fjölbreytni rétta sem í boði eru á matseðli í hverjum mánuði	Að boðið sé upp á fjölbreyttari rétti á matseðli og einn nýr réttur í hverjum mánuði úr tillögum nemenda	Skólastjórnendur/ matráður	Skólaárið 2021 – 2022 Með könnunum
3. grein Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi og staðir ætlaðir börnum uppfylli það	Að matarröðin verði skilvirkari og rólegri	Að endurskoða skipulag matarraðar	Að matarröðin gangi hraðar, færri nemendur í einu í röð og minni hávaði.	Nemendur/starfs-fólk	Skólaárið 2021 – 2022 Með könnunum
12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif	Að nemendur fái að hafa áhrif á val á matseðli	Búa til vettvang þar sem nemendur geta haft áhrif á val á matnum sem þau borða í skólanum	Búið er að búa til pósthólf á heimasíðu skólans þar sem nemendur geta sent inn skilaboð til að koma skoðunum sínum á framfæri	Skólastjórnendur/ matráður	Skólaárið 2021 – 2022 Með könnunum

5. Félagsmiðstöð

Umbótabáttur + grein í barnasáttmála	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili	Hvenær og hvernig er árangur metinn
12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif 3. grein Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi og staðir ætlaðir börnum uppfylli það	Að bæta aðstöðu nemenda í félagsmiðstöðinni	Að gera aðstöðuna huggulegri með húsgögnum og bættum tækjakosti	Búið sé að bæta húsganga- og tækjakost félagsmiðstöðvarinnar	Kópavogsbær	Skólaárið 2022-2023 Með könnunum
3. grein Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi og staðir ætlaðir börnum uppfylli það	Að ráða bót á þrengslum húsnæðis svo hægt sé t.d. að halda stærri böll eða viðburði í félagsmiðstöðinni	Að kanna möguleika á hvort hægt sé að halda slíka viðburði í öðru húsnæði við skólann eða endurbæta aðstöðu	Að möguleikinn á að halda stærri böll og bjóða hinum skólunum í Kópavogi innan skólahúsnæðisins hafi orðið að veruleika	Kópavogsbær Forstöðumaður	Skólaárið 2022-2023 Með könnunum
3. grein Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi og staðir ætlaðir börnum uppfylli það	Að aðgengi að félagsmiðstöðinni sé auðið, oftast opið t.d. á skóladeginum	Að aðgangur að félagsmiðstöðinni sé meiri á skólatíma	Að opnunartíminn hafi aukist/lengst	Forstöðumaður og Kópavogsbær	Skólaárið 2021-2022 Með könnunum
12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif	Að auka þátttöku nemenda í stórum verkefnum	Að nemendur kynni og auki stemmningu þegar t.d. viðburðir á vegum Samfés og skólahreytis eru á döfnni	Að stemmningin fyrir viðburðum hafi aukist og fleiri nemendur taki þátt í viðburðum með og á vegum IGLÓ	Nemendaráð og réttindaráð	Skólaárið 2021-2022 Með könnunum
3. grein Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi	Að auka tengsl milli skóla og IGLÓ	Að auknu samstarfi verði komið á milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar þannig að skólinn sé meðvitaðri um starfsemi IGLÓ o.fl.	Reglulegir samstarfsfundir deildastjóra og forstöðumanns sem komi einnig á deildafundi reglulega	Skólastjórnendur/ Forstöðumaður félagsmiðstöðvar	Skólaárið 2021-2022



Dagur Barnasáttmálans, miðvikudaginn 20. nóv. 2019

Yngsta stig 1.- 3. bekkur umsjónakennarar

Kl. 08:10 Mætt í heimastofur og dagskrá kynnt fyrir nemendum.

Kl. 08:30 Margrét Rafnsdóttir frá Barnaheill með fyrirlestur í E-3

Kl. 09:30 Frímínútur.

Kl. 10:00 Hver fer í sína stofu, nemendur í hópavinnu

Kl. 11:20 Matur.

Tímar samkvæmt stundatöflu.



4. - 7. bekkur umsjónakennarar



Kl. 08:10 Mætt í heimastofur og dagskrá kynnt fyrir nemendum og skipt í hópa.

Kl. 08:30 ? frá Umboðsmanni barna fyrirlestur um **Réttindi barna** á sal.

Kl. 09:30 Frímínútur.

Kl. 10:00 Hópar mæta í stofur á E-gangi (niðri) lært í gegnum leik.

Kl. 11:20 Tímar samkvæmt stundatöflu.

8. - 10. bekkur umsjónakennarar

Kl. 08:10 Mætt í heimastofur og dagskrá kynnt fyrir nemendum og skipt í hópa.

Kl. 08:30 Fyrirlestur María Kristín Gylfadóttir **Heimsmarkmiðin** í Igló sal.

Kl. 09:30 Frímínútur.

Kl. 10:00 Hópar mæta í stofur F-1, D-1, B-2 og E-4 í kaffihúsaumræður.

Kl. 11:20 Tímar samkvæmt stundatöflu.



10. bekkingar verða hópstjórar og eiga að mæta með Ipadana sína í kaffihúsaumræðurnar og skrá niður svörin. Allir aðrir Ipadar og símar eiga að vera í töskum þessa fjóra tíma.

Teymið verður búið að stilla upp í stofum, ljósrita verkefnin, útvega pappír og það sem til þarf.

Föstudagur 20. nóvember 2020 – Dagur Barnasáttmálans í Snælandsskóla

1.-7. bekkur 2 kennslustundir þegar hentar með umsjónarkennara.

Sýna video	
Hvað er Réttindaskóli UNICEF linkur: 3 mín	https://www.youtube.com/watch?v=rCELM2fFNTw
Réttindaskóli og réttindafrístund Unicef Laugarnesskóli og Laugasel 1.22 mín	https://www.youtube.com/watch?v=71fQfR4mdIY
Sýna að auki í 4.-7. bekk	
Hvað er réttindaráð? 2.52 mín	https://www.youtube.com/watch?v=GpUCJUEZd-w
Börn stíga fram, 1.51 mín	https://www.youtube.com/watch?v=fuVIENNoJEc

Greinarnar sem Réttindaskólalastarfið byggir á eru: 2., 3., 6. og 12. Grein. Skoða þær með nemendum og ræða hvað þær þýða.

PPT skjal Barnasáttmálinn í myndum. Texti undir glærunum í Notes: [S:\SAMEIGINLEGT\UNICEF\Dagur Barnasáttmálans 20nóv2020\Dagur Barnasáttmálans Snælandsskóla 20nov2020 greinar tengdar réttindaskóla.pptx](#)

2. grein – Öll börn eru jöfn – Jafnræði – bann við mismunun. Öll börn eiga að njóta sömu réttinda.



Jöfn en ekki eins

- Hvernig væri lífið ef allir væru eins?
- Er það jafnræði að allir fái alltaf jafnmikið af öllu?
- Af hverju þurfa sumir meiri aðstoð en aðrir?

Öll börn eru jafn mikilvæg og eiga að njóta sömu réttinda. Á myndinni má sjá alls konar verur sem búa saman á Íslandi. Þó að þær séu af öðrum uppruna og séu mismunandi í laginu og á litinn eiga þær öll sömu réttindin. Það á að koma jafn vel fram við öll börn. Sumir þurfa meiri aðstoð en aðrir til að geta notið réttinda sinna til jafns við aðra.

Myndin byggir aðallega á:
2. grein Jafnræði – bann við mismunun
Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fottunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

3. grein – Það sem barninu er fyrir bestu - það skal vera leiðandi forsenda við allar ákvarðanir sem hafa áhrif á barn með einum eða öðrum hætti.



Hagsmunir barna í forgang

- Hverjir þurfa að vinna saman til að bjóða börnum upp á sem bestar aðstæður?
- Af hverju skipta hagsmunir barna meira máli en hagsmunir fullorðinnar?
- Getur þú nefnt dæmi þar sem það sem er best fyrir fullorðna er ekki það sama og það sem er best fyrir börn?
- Getur þú nefnt dæmi um mál þar sem fullorðnir og börn eru ekki alveg sammála?

Myndin sýnir margar hendur halda á einu barni. Það þurfa margir að vinna saman að því að réttindi barna séu virt. Þegar eitthvað er ákveðið sem snertir börn með einhverjum hætti á alltaf að huga að því hvernig ákveðnin hefur áhrif á börn. Þetta á við í persónulegum málum, t.d. þegar foreldrar taka ákvorðun fyrir barn og þegar skólar eða aðrir opinberir aðila taka ákvorðun sem varðar barn. Þetta á einnig við þegar eitthvað er ákveðið sem hefur áhrif á stærri hópa barna eða öll börn í samfélaginu. Þegar hagsmunir fullorðinna og barna rekast á eiga börn að njóta forgangs.

Myndin byggir aðallega á:
3. grein Það sem barninu er fyrir bestu
Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varðar börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnmöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilaevni, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá venni og umrúnnun sem veitt er þeim krefst.

6. grein – Líf og þroski – Öll börn eiga rétt á að búa við aðstæður þar sem þau geta lifað og þroskast á eigin forsendum.



Lífa og þroskast

- Hvað þarft þú til að stækka og þroskast?
- Hvað þarft þú til að líða vel og lifa góðu lífi?
- Hvað gerist ef barn fær ekki það sem það þarf?



Blómálfurinn þarf sól, vatn og einhvern sem passar hann til að lífa, þroskast og líða vel. Börn þurfa líka góðar aðstæður og margir þurfa að vinna saman að velferð þeirra. Til dæmis þurfa þau umhyggju, næringu, vernd og margt annað til að eiga sem besta möguleika á að þroskast og lifa góðu lífi. Froskurinn getur hjálpað okkur að tengja myndina við orðið „þroski“ (sbr. að fara í froskamat en ekki þroskamat).

Myndin byggir aðallega á:

6. grein Réttur til lífs og þroska

Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lífa og þroskast.

27. grein Lífsskiptir

Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og bera foreldrar höfuðábyrgð á lífsskiptum og framfærslu barna sinna. Aðildarríki skulu tryggja foreldrum fjárhagsaðstoð og stuðningsúrræði ef þörf krefur. Jafnframt skulu aðildarríkin tryggja hverju barni innheimtu framfærslueyris frá þeim sem ber fjárhagslega ábyrgð á barninu, hvort sem viðkomandi býr innanlands eða í útlandum.

12. grein – Öll börn eiga rétt á að taka þátt og hafa áhrif í málum er varða þau með einum eða öðrum hætti.



Hafa áhrif

- Af hverju beygir fullorðna fólkið á myndinni sig niður?
- Færð þú tækifæri til að segja hvað þér finnst um það sem skiptir þig máli?
- Hverju myndir þú vilja breyta ef þú fengir að ráða?
- Við hverja talar þú þegar þú vilt segja hvað þér finnst?



Fullorðna fólkið þarf að „setja sig í stellingar“ til að hlusta og heyra það sem börnin hafa að segja. Þeir fullorðnu eiga alltaf að athuga hvað börnum finnst þegar eitthvað er ákveðið sem skiptir börnin máli. Þegar fullorðnir vilja heyra hvað börnum finnst um eitthvað er mikilvægt að þau fái tækifæri til að tjá sig við aðstæður sem hentar þeim. Þetta á við þegar foreldrar eða kennarar ákveða eitthvað fyrir börnin en líka þegar þeir sem ráða í landinu, borginni eða bænum taka ákvarðanir. Það er gott að börnin fái að æfa sig í að segja hvað þeim finnst, hlusta á aðra og finna lausnir. Þetta skiptir miklu máli því við böum í lýðræði og við viljum að það virki vel, líka fyrir börn.

Myndin byggir aðallega á:

12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

Afurðir bekkja - Dagur Barnasáttmálans 20. nóv 2020

1.-3. bekkir

Atburðablað – teikna og skrifa <S:\SAMEIGINLEGT\UNICEF\Dagur Barnasáttmálans 20nóv2020\Ef ég mætti ráða atburðablað.docx>


Ef ég mætti ráða í skólanum.

Teikna mynd og skrifa setningu/setningar með aðstoð kennara.

T.d. Ég vil að það sé alltaf pizza í matinn á föstudögum. Teikna mynd af krökkum að borða pizzu.

Hengja upp í stigauppganginn frá 1. bekk og inni í A-álmu og svo má setja blaðið í ferilmöppurnar þegar tekið niður.

4. og 5. bekkir



Réttur til að láta í ljós skoðanir

Talblöðrur á vegg

Mér finnst að... talblöðrur

T.d. Mér finnst að það ætti aldrei að vera stríð. Mér finnst að allir sem vilja megi eiga heima á Íslandi.

Nemendur skrifa uppkast og hreinskrifa í talblöðru og fara ofan í með Artline 0,6 penna <S:\SAMEIGINLEGT\UNICEF\Dagur Barnasáttmálans 20nóv2020\Mér finnst að talblaðra.docx>

Klippa út og líma á veggina í C-álmu. Þegar tekið niður þá setja nemendur sína(r) talblöðru(r) í ferilmöppurnar sína.

6. og 7. bekkir

Slagorð – Ríma eða rythmi – Dæmi:

Öll börn

eiga rétt á vörn

Hugmyndir: <https://www.barnaheill.is/static/files/Starfid-okkar/DagurBarnasattmalans/Fjarsjodskistan/slagord-barnasattmalinn-2018.pdf>
https://www.barnaheill.is/static/files/Starfid-okkar/DagurBarnasattmalans/Fjarsjodskistan/slagord_veggspjald.pdf



Fyrst slagorð fyrir greinar 2., 3., 6., og 12 og svo má bæta við fleiri greinum ef nemendur eru fljótir. Setja upp fallega og hengja á vegg í D og E álmum niðri

Gjarnan skrifa fyrst á hvítt blað (eða í lit), fara ofan í textann með Artline 0,6 og líma á aðeins stærri karton búta sem svo eru límdu upp á vegg. Svo setja þau sín slagorð í ferilmöppurnar sínar þegar tekið niður. Mega alveg hjálpast að en hver og einn þarf að setja upp sitt slagorð og þó að þau séu eins þá er það allt í lagi.

8. -10. bekkir

Með kennurum í 2 kennslustundir í 3. og 4. tíma. Klukkan 9:40-11:20 og 10:40-11:20 – nesti kl. 10:20-10:40.

Horfa á þessi myndbönd í fyrri tímanum

Mynd um Sameinuðu þjóðirnar	https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/sameinadar-thjodir-adkallandi-lausnir-a-umbrotatimum/30961
Hvað er Réttindaskóli UNICEF linkur: 3 mín	https://www.youtube.com/watch?v=rCELM2fFNTw
Hvað er réttindaráð? 2.52 mín	https://www.youtube.com/watch?v=GpUCJUEZd-w
Börn stíga fram, 1.51 mín	https://www.youtube.com/watch?v=fuVIENNoJEc

Greinarnar sem Réttindaskólastarfið byggir á eru: 2., 3., 6. og 12. grein. Skoða greinarnar í power pointinu með nemendum og ræða hvað þær þýða.

Power point	..\..\UNICEF\Dagur Barnasáttmálans 20nóv2020\Dagur Barnasáttmálans Snælandsskóla 20nov2020 greinar tengdar réttindaskóla unglingastig.pptx
-------------	---

2. grein
Öll börn eru jöfn



Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tilfyllis til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvaða þau trúu, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötlub, rík eða fátæk og án tilfyllis til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttfætti.

3. grein
Það sem barninu er fyrir bestu



Þegar fullorðnar taka ákvarðanir eiga þær að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Sjálfmæld eiga að tryggja að forðrar vernd börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Sjálfmæld eiga að stjál til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagamuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem stíðlar eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.

6. Grein
Líf og þroski



Öll börn eiga rétt á því að lífa og þroskast og skulu stjórnmöld tryggja það.

12. grein
Virðing fyrir skoðunum barna



Börn eiga rétt á því að tjá sig fjálflegga um öll málafni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mörk á þeim.

Afurð

Kröfuspjöld

Fyrir hverju myndu þau vilja berjast? Fyrir hönd barna eða bara hvað sem er

- Innan skólans míns
- Innan sveitarfélagsins
- Innan landsins
- Á heimsvísu

Hægt að gúggla kröfuspjöld til að fá hugmyndir – aldeilis búið að vera mikið í boði undanfarið t.d. öll mótmælin í USA tengd Black lives matter, kosningunum ofl., þungunarrofsmótmælin í Póllandi, loftslagsmótmæli ungmenna o.fl., o.fl. – sjá síðustu glærana í ppt skjalinu. Þau fá kannski inspiration í myndinni um Sameinuðu þjóðirnar.

Mega velja eitt eða gera fleiri ef tími

Karton og breiðir tússpennar – gera samt uppkast fyrst

Hengja upp í E-gangi og matsal og við D-1

1.-4. bekkur – JafnréttisUNICEFdagur 3. febrúar

Kennarar mega gjarnan blanda hópunum í F-álmu annars vegar og A-álmu hinsvegar ef þeir vilja. Umsjónarkennarar skipta þá í hópa.

1.-4. b	A1 – 3.R	A2 – 2A	A5 2B	F2 – 1D	F3 – 1A	F4 – 1B	4.I	4.R
Hver er hvar	Regína Helga Bj	Heiða Margrét A	Íris J Kristín M	Íris S Steina	Rannveig Þórey	Inga Guðmunda	Ingibjörg Alli	Rakel Herdís
8:10-9:30	Horfa á Öskubusku, fara yfir réttindi – greinar barnasáttmálans – nesti.							
10:00-11:20	Lesa söguna – hvenær er verið að brjóta á Öskubusku og hvenær ekki – umræður - teikna mynd Má sýna part úr Á leið í skólann (65 mín) ef tími: https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/a-leid-i-skolann/25440/7ijlg1							

Oft er fjallað um börn sem fá ekki að njóta réttinda sinna í ævintýrum, þjóðsögum eða gömlum sögum. Við ætlum að skoða Öskubusku. Byrjum á að horfa á myndband um Öskubusku – í tveim hlutum.



<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/aevintyri-halldors-gylfasonar/26322/7r0qpo>
<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/aevintyri-halldors-gylfasonar/26322/7r0qpp>

Power point – Öskubuska

Rætt við hópinn um að þau réttindi sem Öskubuska fær ekki notið eru m.a.:

- Vernd gegn mismunum (2. grein)
- Það sem barninu er fyrir bestu (3. grein)
- Réttinn til nafns og þess sem auðkennir hana sem einstakling (7. og 8. grein)
- Réttinn til að tjá skoðanir sínar (12. grein)
- Réttinn til einkalífs (16. grein)
- Vernd gegn ofbeldi (19. grein)
- Réttinn til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja (24. grein)
- Réttinn til menntunar (28. grein)
- Réttinn til hvíldar og tómstunda (31. grein)
- Vinnuvernd gegn barnaþrælkun/skaðlegri vinnu (32. grein).

Fara aðeins yfir hvað þetta þýðir.

Sagan er svo lesin fyrir nemendur (sjá power point – og hægt að opna PDF skjal í spjaldtölvu og lesa þaðan eða prenta út textann). Börnin láta vita þegar þau heyra að söguhetjan fær ekki að njóta réttinda sinna. Börnin geta t.d. haldið á lofti rauðum trélit þegar Öskubuska fær ekki notið réttinda sinna og grænum á lofti þegar þau heyra að réttindi Öskubusku eru virt.

Dæmi um umræðupunkta:

- Öskubuska er ekki raunverulegt nafn sögupersónunnar heldur ljótt uppnefni sem stjúpan og stjupsystur finna upp á. Biddu börnin að velja því fyrir sér hvernig tilfinning það er að eiga sér ekki nafn. Biddu börnin að finna nýtt nafn á Öskubusku.
- Ræða þátttöku barna í verkum á heimili og hvenær er hægt að tala um barnaprælkun í því samhengi. Skoða jafnvel staði í heiminum þar sem börn eru enn þann dag í dag neydd til að vinna. Hvað má gera til að binda enda á barnaprælkun?
- Biddu börnin að hugleiða hve illa var annast um Öskubusku og segja hvernig þau myndu annast hana.
- Spyrðu börnin í hvers lags félagsstarfi eða klúbbum Öskubuska gæti tekið þátt til að bæta líf sitt (tómstundastarf)?
- Biddu börnin að ímynda sér að þau séu vondu stjúpan sem hafi nú bætt ráð sitt. Hvaða loforð gæti hún gefið Öskubusku til að uppfylla þá skyldu sína að virða réttindi hennar. (t.d. kalla hana réttu nafni, láta hana ekki vinna endalaust, hún má segja það sem henni finnst, hún fær að fara í skóla, hvíla sig, stunda tómstundir).

Í lokin teikna nemendur þann atburð úr sögunni þar sem þau finna mest til með Öskubusku. Blómaform – sem klippa má út og hengja á vegg í alrými sýnlegt. Síðan má gjarnan setja í ferilmöppu með fyrirsögninni Jafnréttisdagur 3. febrúar 2021

4.-7. bekkur – JafnréttisUNICEFdagur 3. febrúar

5.-7. b	5A	5B	6A	6B	6D	7A	7B
Hver er hvar	Arna Bjarki	Ragnh. H Mæja	Dóra Gunnlaug	Styrmir Júlía	Karítas Guðrún S	Erla Sophie	Stefán Broddi
8:10-9:30	Þátttökustiginn – fara yfir dæmi – sjá power point Koma með tillögur að verkefnum sem nemendur hafa áhrif á og/eða stýra						
10:00-11.20	Horfa á Á leið í skólann https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/a-leid-i-skolann/25440/7ijlg1 65 mín						

Úr https://vefir.mms.is/litli_kompas/index.html

Hvers vegna er mikilvægt að börn séu virkir þátttakendur? Mikilvægasta skilyrði þess að þátttaka hafi tilgang er að hinir fullorðnu virði að börn geti verið með í ákvarðanatökum og viðurkenni þau sem fullgilda aðila. Lýðræðisleg samskipti skila meiri árangri en hin hefðbundnu tengsl sem byggjast á því að hinir fullorðnu stjórni og stýri börnum. Að öðrum kosti er þátttaka barna einungis til málamynda: börnin geta sagt skoðanir sínar en þau hafa engin áhrif á hvort eða hvernig er farið eftir því sem þau segja.

„Þátttökustiginn“ skýrir vel þá meginþætti sem felast í þátttöku.

Fyrstu þrjú þrepin felast frekar í stjórnun, svokölluðum puntuleik og málamyndaaðgerð; þau gefa falska mynd af þátttöku og geta spilt fyrir öllu ferlinu.

Þrepin þar sem tala má um „sett fyrir og upplýst“ fá börnin að gegna tilteknu hlutverki, og þrepin þar sem „ráðgefandi og upplýst“ er haft að leiðarljósi fá börnin að segja álit sitt á verkefnum sem unnin eru á vegum hinna fullorðnu. Þau þrep sýna raunverulega þátttöku og börnin átta sig á því að skoðanir þeirra hafa áhrif á niðurstöðuna.

Ferlið er lengst komið í þrepunum sem lýsa þátttöku þar sem „hinir fullorðnu eiga frumkvæðið“ en börnin eru höfð með í ráðum, sem og þegar „börn eiga frumkvæðið og eru við stjórnvölinn“ og þeir fullorðnu eru aðeins aðstoðarmenn og ráðgjafar. Í síðasta þrepinu gefst börnum tækifæri til að taka sameiginlega ákvörðun, vera með í að stýra málum og deila ábyrgð; börn og fullorðnir skiptast á upplýsingum og læra af reynslu hvers annars. Raunveruleg þátttaka er ekki bundin við eitt verkefni heldur er um ræða áframhaldandi ferli sem verður til þess að hefð skapast fyrir því að börn taki þátt á hinum ýmsu sviðum: innan heimilisins, í skólanum, dagvistarstofnunum, innan heilbrigðiskerfisins, sveitarfélagsins og samfélagsins almennt. Þróun slíkrar „þáttökumenningar“ – bæði meðal barna og fullorðinna – getur verið lýðræðinu mjög gagnleg. Sá skilningur sem það skapar á mannréttindum og hvatningin til virkrar þátttöku í samfélaginu kemur hvarvetna til góða.

Power point (bls. 1)

Þátttaka er hvort tveggja í senn mikilvæg mannréttindi og liður í borgaravitund hverrar manneskju. Barnasáttmálinn kveður á um ýmis atriði sem lúta að rétti barna til þátttöku, t.d.:

- rétturinn til að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem þau varða og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra (12. grein)
- rétturinn til að láta í ljós skoðanir sínar, sem felur í sér réttinn til að leita og taka við hvers kyns vitneskju og hugmyndum (13. grein)
- rétturinn til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar (14. grein)
- rétturinn til að mynda félög með öðrum (15. grein)
- rétturinn til að eiga aðgang að upplýsingum og efni af ýmsum uppruna frá eigin landi og erlendis frá (17. grein)
- rétturinn til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum (31. grein)

Þátttökustigi

Farðu yfir orð og orðasambönd með nemendum – hvað þýðir þetta: (bls. 2)

- leita ráða
- ráðskast með
- stjórna
- taka þátt
- fela einhverjum verkefni
- upp á skraut
- upplýsa
- hafa frumkvæði að
- að frumkvæði fullorðinna
- að frumkvæði barna
- táknrænt
- til málamynda



Skoða dæmi um þátttökustig í power pointinu og láta krakkana reyna að raða á rétta staði (bls. 3 og svör á bls. 4)

Verkefni

- Biddu þátttakendur að vinna í þriggja eða fjögurra manna hópum.
- Afhentu hverjum hópi eitt eintak af stigamyndinni (ljósrit) og þátttökuspjöldin átta (ljósrit)
- Biddu hópinn að ræða aðstæðurnar á hverju spjaldi fyrir sig og koma spjaldinu svo fyrir á viðeigandi stað í stiganum.

- Þátttakendur eiga að velta því fyrir sér hvort börnin og ungmennin sem lýst er í aðstæðunum á spjaldinu hafi einhvern skilning á viðkomandi málefni, hvers vegna þau taki þátt og hvað þau séu að gera.
- Staðsetning spjaldanna í stiganum á að fara eftir því hversu raunverulegan þátt börnin taka hverju sinni og hve mikil áhrif þau hafa.
- Biddu alla hópana að útskýra hvar þeir komu spjöldunum fyrir. Þátttakendur gætu líka tengt niðurstöður sínar við 12. greinina og rétt barns á að láta í ljós skoðanir sínar á málum sem tengjast því.
- Hægt að fara yfir í Power Pointinu (draga á réttan stað bls. 5 og rétt svör á bls. 6)

Að lokum eins og tími vinnst til

- Í hverri stofu verður hengdur upp stór þátttökustigi (A3)
- Nemendur koma með tillögur að verkefnum í skólastarfinu sem fela í sér mikið þátttökustig nemenda (efstu þrepin 4-8). Gott að tengja þetta við 12. grein barnasáttmálans og rétt barns á að láta í ljós skoðanir sínar á málum sem tengjast því.

Síðari tveir tímarnir

Horfa á <https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/a-leid-i-skolann/25440/7ijlg1> 65 mínútur

Myndin heitir Á leið í skólann, Sur le chemin de l'école

Frönsk heimildarmynd sem segir sögu fjögurra barna: Jacksons í Kenía, Zahiru í Marokkó, Carlos í Argenntínu og Samúels á Indlandi. Þau eiga ekki margt sameiginlegt en öll þurfa þau að fara langa og erfiða leið í skólann. Þau leggja ferðalagið á sig til að eiga möguleika á betra lífi en foreldrar þeirrar áttu kost á. Myndin er eftir Pascal Plisson.

8.-10. bekkur – JafnréttisUNICEFdagur 3. febrúar

Áhrifavaldar

Kennarar mega gjarnan blanda hópunum A og B í nýja hópa. Umsjónarkennarar skipta nemendum í hverri stofu í 5 manna hópa.

8.-10. b	E3 og E4	D1 og E2	F1 og B2	E1 Smiðja
Hver á að vera hvar	Berglind, Elsa, Ásta, Jóhanna	Aldís, Ósk, Guðlaug, Hafdís	Gúrí, Soffía, Steinunn, Arnór	Jón Óttar, Krístrún, Guðrún G
8:10-9:30	Malala Yousafzai Sýna öllum hópnum stutt kynningarmyndband: https://www.youtube.com/watch?v=6by9NEhT9GM Vinna afurð í hópum. Skila á Classroom: adhhl7m	Martin Luther King jr Sýna öllum hópnum stutt kynningarmyndband: https://youtu.be/3ank52Zi_S0 Vinna afurð í hópum. Skila á Classroom: v45zuzr	Nelson Mandela Sýna öllum hópnum stutt kynningarmyndband: https://www.youtube.com/watch?v=UqoYmx_L-Xs&t=61s Vinna afurð í hópum. Skila á Classroom: cxatsvc	Horfa á öll kynningarmyndböndin (eins og tími vinnst til) og ræða áhrif sem þessir aðilar hafa haft á samfélagið
9:50-11:10	Horfa á Á leið í skólann https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/a-leid-i-skolann/25440/7ijlg1 65 mín			

Hvað þarf að koma fram:

Hver, hvaðan, hvenær, aðstæður í samfélaginu þá, fyrir hvað stendur viðkomandi, helstu baráttumál, hvernig standa þau mál í dag.

Afurð: val á milli t.d. Nearpod, Book creator, slides, pages, Prezi, Power Point, Explain everything, Padlet, Key Note, Popplet, Google Site (heimasíða) eða annað í samráði við kennara. Geta heimilda, ekki nota Wikipedia. Vanda uppsetningu, málfar og frágang.

Skila í skilahólf á Classroom.

Frístundaheimilið Krakkaland í Snælandsskóla

Okkar starf og aðgerðir í átt að verða Réttindafrístund Unicef

Þekking á réttindum barna - 42. grein Barnasáttmálans.

Barnasáttmállinn hangir uppi á frístundaheimilinu með myndrænum hætti í sjónlínu barnanna svo þau hafi auðvelt aðgengi að honum og geti skoðað hann.

Markmið: Hafa sáttmálann sýnilegri hjá okkur, á fleiri stöðum. Vinna verkefni með börnunum sem tengist Barnasáttmálanum og ræða hann til að fleiri börn þekki innihald hans.

Barna- og ungmennalýðræði – 12. grein Barnasáttmálans.

Börnunum á frístundaheimilinu eru gefin reglubundin tækifæri til að taka þátt í þróun frístundastarfsins, segja skoðun sína og láta í sér heyra í tengslum við málefni er þau varða. Við erum með starfandi Barnaráð í öllum árgöngum sem reynir að funda vikulega. Á frístundaheimilinu er alltaf til staðar Hugmyndakassi þar sem börnin geta komið sínum hugmyndum á framfæri hvort sem með því að skrifa þær eða teikna. Hugmyndirnar eru ræddar á barnaráðsfundum og við framkvæmum svo hugmyndir sem börnin kjósa um á fundunum.

Á fundunum fá börnin líka tækifæri til að ræða mál sem þau hafa frumkvæði að því að ræða. Eitthvað sem hægt væri að breyta eða bæta í frístundastarfinu eða hvað þau vilja t.d. hafa í síðdegishressingu. Með þessum fundum geta börnin haft áhrif á fjölbreytileika starfsins í frístundaheimilinu.

Markmið: Hafa ákvarðanir sem teknar eru á fundunum sýnilegar fyrir börnin, með myndrænum og einföldum hætti.

Eldmóður fyrir réttindum barna – 2., 4., 12. og 29. greinar Barnasáttmálans

Starf frístundaheimilisins byggir á vali barnanna. Þannig fá þau tækifæri til þess að gera það sem þau langar til að gera og á þann hátt rækta sjálfsmynd sína, færni og hæfileika. Við höfum ekki öll áhuga á sömu hlutum og því leitast sum börn í mikla hreyfingu, önnur í list og föndur og enn önnur í rólegheit og lestur. Við höfum myndrænar lýsingar hvað er í boði svo börnin geta tekið upplýsta ákvörðun hvort valið hentar þeim hverju sinni; t.d. í listasmiðju sjá börnin að í dag verður málning í boði.

Markmið 1: Verkefni sem snýst um fjölbreytileika barnahópsins og að þau átti sig á að þau eru einstök. Hvert barn fær sitt pláss á vegg með mynd af sér þar sem þau geta sett við myndina sína teikningu eða mynd af því sem gerir þau einstök; áhugamál, fjölskylda, fáni o.fl.

Markmið 2: Við viljum að börn og starfsfólk frístundaheimilisins séu meðvituð um réttindi barna og noti barnasáttmálann í daglegri umræðu og starfi. Í byrjun næsta skólaárs munum við kynna barnasáttmálann fyrir starfsfólki.

Forsendur Barnasáttmálans hluti af daglegu starfi – 2., 4., 12. og 29. greinar Barnasáttmálans

Á frístundaheimilinu leggjum við mikla áherslu á að sýna börnunum jákvæða athygli og hlusta á þau með virkum hætti og áhuga. Við viljum að börnin finni fyrir því að þau skipta máli og að frístundaleiðbeinendur hlusti á það sem þau hafi að segja.

Við vinnum með *10 mínútna regluna* sem felur í sér að hver starfsmaður reynir að gefa sér 10 mínútur á dag til þess að tala við barn sem stendur höllum fæti félagslega eða er fjöltyngt með íslensku sem annað móðurmál.

Við vinnum með börnunum að reglum sem gilda á frístundaheimilinu. Þannig fá börnin tækifæri til þess að meta þær og breyta með þeirra sjónarmið í huga.

Markmið 1: Við viljum leggja meiri áherslu á að frístundaleiðbeinendur leiti meira til barnanna, setjist hjá þeim, spjalla, leika og sýni áhuga á því sem þau eru að gera eða segja.

Markmið 2: Breyta reglum frístundaheimilisins í sáttmála sem bæði börn og starfsfólk samþykkja og eru sátt við.

Samstarf – 2., 3. og 6. grein Barnasáttmálans.

Skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk Snælandsskóla eru í góðu og virku samstarfi við frístundaheimilið. Við vinnum saman til að gera umhverfi og starf skólans og frístundaheimilisins eins faglegt, öruggt og jákvætt og kostur er á.

Við ræðum saman ef upp koma einhver mál er varða einstaka börn og vinnum að úrlausnum í sameiningu.

Í Snælandsskóla og Krakkalandi verkefni í gangi frá árinu 2014 sem kallast Gæðastund þar sem börn í fyrsta og öðrum bekk fá uppbotn frá hefðbundnum skóladegi og koma tvisvar í

viku fyrr í frístund. Markmiðið með því er að auka samstarfið á milli, efla félagsfærni barnanna og fá að kynnast börnunum betur í minni hópum.

Markmið: Betra upplýsingaflæði þar sem stjórnendur frístundar eru boðaðir á fundi í skólanum er varða börn sem sækja frístundaheimilið.

Skólaárið 2021-22 hefur verið unnið að því að ná þessum markmiðum, sem mörg hver eru þegar komin í gagnið.



Komið þið sæl

Skólaárið 2019 – 2020 hóf Snælandsskóli undirbúningsferli fyrir það að skólinn gæti orðið Réttindaskóli Unicef og Krakkaland Réttindafrístund Unicef. Verkefnið er alþjóðlegt vottunarverkefni sem hefur síðastliðinn áratug verið innleitt með góðum árangri í þúsundum skóla um allan heim. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem taka þátt í verkefninu geta öðlast viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi sem Réttindaskólar og Réttindafrístund.

Að vera Réttindaskóli og Réttindafrístund felur í sér að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er lagður til grundvallar í öllu skóla- og frístundastarfi. Markmiðið er að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi, efla jákvæð samskipti, auka þekkingu á mannréttindum og stuðla að gagnkvæmri virðingu innan skóla- og frístundasamfélagsins. Með verkefninu er skapaður rammi utan um þau ólíku sjónarhorn, stefnur og gildi sem skóla- og frístundastarfi er ætlað að vinna eftir, svo sem Aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólalög og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur árið 2013.

Í innleiðingarferlinu hefur verið stofnað Réttindaráð Snælandsskóla en ráðið hefur umsjón með verkefninu. Börn eru í meirihluta í ráðinu en það er einnig skipað foreldrum, starfsfólki skóla- og frístundastarfs, félagsmiðstöðvar og fulltrúum stjórnenda. Vegna Covid aðstæðna var brugðið á það ráð síðasta vetur að styðjast við foreldra úr starfsmannahópi skólans. Nú þegar samfélagið er að opnast á ný getum við gert betur og þá langar okkur til að óska eftir foreldrum sem vilja gefa sig í þetta verkefni og mæta á fundi í skólanum á þriggja vikna fresti með réttindaráðinu. Börnin hafa fengið ítarlega fræðslu um Barnasáttmálann og hvernig réttindin í Barnasáttmálanum hafa tengingu við daglegt líf þeirra. Það er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt með umræðum heima fyrir. Einnig eru til bækur og annað efni sem foreldrar og börn geta skoðað saman. Ýmislegt efni úr sjónvarpi getur einnig gefið tilefni til umræðu.

Þátttaka allra nemenda hefur falist í að svara nafnlausum spurningalistum, þar sem spurt er út í þekkingu þeirra á Barnasáttmálanum, upplifun af skóla- og frístundastarfinu, líðan og fleira. Jafnframt hafa börnin sjálf gert öryggis- og aðgengiskannanir á húsnæðinu. Réttindaráðið hefur tekið saman niðurstöðurnar og gert aðgerðaáætlun um nauðsynlegar umbætur á skólaumhverfinu út frá sjónarhóli barnanna. Fulltrúar í réttindaráði hafa einnig fengið sjónarmið sinna bekkjarfélaga á bekkjarfundum til að miðla á fundum í ráðinu.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið í meira en 1600 Réttindaskólum í Bretlandi hafa sýnt afar jákvæðar niðurstöður. Það dró úr einelti og ofbeldi í skólunum og börnin sýndu aukið umburðarlyndi og skilning á fjölbreytileika. Líðan barnanna varð betri og starfsánægja fullorðinna sömuleiðis.

Nú í nóvember um það leiti sem við fögnum degi Barnasáttmálans er stefnt að því að Snælandsskóli taki á móti viðurkenningu sem Réttindaskóli Unicef. Við munum blása til hátíðar 17. nóvember þegar viðurkenningin verður afhent og halda síðan í kjölfarið Barnaþing þann 19. nóvember.



Hér meðfylgjandi er hlekkur að myndbandi sem útskýrir hvað Réttindafrístund og Réttindaskóli eru.
<https://www.youtube.com/watch?v=rCELM2fFNTw>